

Fyrirspurn

til innviðaráðherra um lögbundnar nefndir innan sveitarfélaga.

Frá Jódísi Skúladóttur.

1. Hvernig er háttað eftirliti með því að sveitarfélög skipi lögbundnar nefndir?
2. Hver er fjöldi starfandi sérstakra náttúruverndarnefnda, sem eru lögbundnar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, og innan hvaða sveitarfélaga eru þær starfandi?
3. Hverjar eru þær fastanefndir sem sinna hlutverki náttúruverndarnefnda skv. 3. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, sundurliðað eftir nefndum og sveitarfélögum?
4. Hver er fjöldi lögbundinna nefnda sem sinnt er beint af sveitarstjórnnum eins og heimilt er skv. 4. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og innan hvaða sveitarfélaga starfa þær?

Skriflegt svar óskast.